

| Skeiða- og Gnúpverjahreppur |                |
|-----------------------------|----------------|
| Bnr. 0-0                    | K/S 10.10.17   |
| Ábm.                        | Svfr.          |
| Afgr.                       | ( )Bréf ( )St. |
| Lvm.                        | Trm.           |



Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Félagsheimilinu Árnesi  
801 Selfossi

UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík  
sími: 545 8600 postur@uar.is  
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 9. október 2017  
Tilv.: UMH17050116/11-3

Efni: Ákvörðun um stækkun friðlands í Þjórsárverum

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið kynnti tillögu að stækkuðu friðlandi í Þjórsárverum á fundi þann 20. júní sl. með sveitarfélögunum sem eiga skipulagslega lögsögu á svæðinu og á vef ráðuneytisins þann 4. júlí sl.

Þann 3. október sl. rann út frestur til að veita umsögn um tillögu að fyrirhugaðri stækkun friðlands í Þjórsárverum. Alls bárust ráðuneytinu átta umsagnir um tillöguna. Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið að undirrita auglýsingu um friðland í Þjórsárverum á grundvelli auglýsingar um tillögu um stækkun friðlandsins. Auglýsingin verður í kjölfar undirritunarinnar send til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda. Þegar auglýsingin tekur gildi mun eldri auglýsing um friðland í Þjórsárverum nr. 597/1987 falla úr gildi.

Í kjölfar friðlýsingarinnar mun Umhverfisstofnun hefja undirbúning að vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið. Sú vinna mun fara fram í samvinnu við sveitarstjórnir á svæðinu í samræmi við ákvæði 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Jafnframt mun samráð vera haft vegna ráðstöfunar framlags ríkisins til svæðisins, í samræmi við samkomulag sem gert var árið 2013.

  
Björt Ólafsdóttir